Fjármálaráðuneytið
Hlynur Ingason
101 Reykjavík
postur@fjr.is

Reykjavík, 23. nóvember 2018

Efni: Umsögn um drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt (gildisdagsetningar, virðisaukaskattsskylda alþjóðaflugvalla o.fl.).

Samtök ferðaþjónustunnar (samtökin) þakka fyrir tækifærið á að koma á framfæri ábendingum um drög að ofangreindum breytingum á lögum virðisaukaskatt sem fram hafa komið á samráðsgátt stjórnvalda.

Samtökin gagnrýna harðlega þann stutta umsagnarfrest sem veittur er til að koma með ábendingar um meginefni þessa frumvarps og láta samtökin því ógert að svo stöddu að koma með ábendingar um virðisaukaskattskyldu alþjóðaflugvalla.

Þrátt fyrir stuttan umsagnafrest vilja samtökin þó koma eftirfarandi ábendingum á framfæri um 4. grein og 12. grein frumvarpsdraganna. Samtökin lýsa ánægu yfir þeim breytingum sem greinar 4 og 12 bera með sér. Báðar greinarnar eru til einföldunar og fela með sér ótvíræð réttindi og skyldur varðandi skráningu og skilum á virðisaukaskatti . Þá er það ánægjuefni að breytingarnar fela með jafnari samkeppnisstöðu á milli innlendra og erlendra ferðaþjónustuaðila.

Samtökin áskilja sér rétt að koma með frekari ábendingar á síðari stigum.

Virðingarfyllst
f.h. Samtaka ferðaþjónustunnar

Gunnar Valur Sveinsson